



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Borg, 26. apríl 2019

Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um ákvörðun sameiginlegu ESB-nefndarinnar, nr. 93/2017, um breytingu á IV. Viðauka (Orka) við EES-samninginn (þriðji orkupakkinn), 777. mál.

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 17. apríl s.l. var lögð fram beiðni frá Utanríkismálanefnd Alþingis, dags. 11. apríl 2019 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á tillögu til þingsályktunar um ákvörðun sameiginlegu ESB-nefndarinnar, nr. 93/2017, um breytingu á IV. Viðauka (Orka) við EES-samninginn (þriðji orkupakkinn), 777. mál.

Eftirfarandi bókun var gerð:

18. Beiðni Utanríkismálanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um ákvörðun sameiginlegu ESB-nefndarinnar, nr. 93/2017, um breytingu á IV. Viðauka (Orka) við EES-samninginn (þriðji orkupakkinn), 777. mál.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps leggst gegn innleiðingu þriðja orkupakkans og hvetur þingmenn til að standa vörð um sjálfákvörðunarrétt þjóðarinnar í orkumálum. Sveitarstjórn hugnast ekki að Evrópusambandið geti gert tilkall til þess að setja okkur reglur um orkunotkun, rekstur og viðhald raforkukerfisins þar sem Ísland er ótengt raforkumarkaði Evrópusambandsins. Ekkert bendir til að innleiðing þriðja orkupakkans lækki raforkuverð til heimila og fyrirtækja í landinu. Þvert á móti eru líkur á að raforkuverð hækki komi til lagningar sæstrengs í framtíðinni. Ráðherra fullyrðir að það sé ekkert sem skuldbindi Íslendinga til að taka á móti sæstreng frá Evrópu þrátt fyrir að hafa gerst aðili að sameiginlegum orkumarkaði í gegnum þriðja orkupakkann. Því spyr sveitarstjórn: Er Íslandi jafn stætt á því að banna lagningu sæstrengs innan sameiginlegs orkumarkaðar og að banna innflutning á sýklalyfjaóncæmu kjöti?

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar



Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri